# Fimmtudagur 27. apríl

## SJÓNVARPIÐ

17.50 **Heiða (44).** Teiknimyndaflokkur byggður á skáldsögu Jóhönnu Spyri. Þýðandi Rannveig Tryggvadóttir. Leikraddir Sigrún Edda Björnsdóttir.
18.15 **Þytur í laufi.** (Wind in the Willows). Breskur brúðumyndaflokkur, framhald fyrri flokka um Móla moldvörpu, Fúsa frosk og félaga þeirra. Þýðandi Ólöf Pétursdóttir. Sögumaður Árni Pétur Guðjónsson.
18.45 **Táknmálsfréttir.**
18.55 **Hver á að ráða?** (Who's the Boss?). Bandarískur gamanmyndaflokkur. Þýðandi Ýrr Bertelsdóttir.
19.20 **Ambátt.** (Escrava Isaura). Annar þáttur. Brasilískur framhaldsmyndaflokkur. Þýðandi Sonja Diego.
19.54 **Ævintýri Tinna.**
20.00 **Fréttir og veður.**
20.30 **Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva 1989.** Lögin í úrslitakeppninni kynnt.
20.45 **Úr fylgsnum fortíðar.** 2. þáttur – Grundarstóllinn. Litið inn á Þjóðminjasafnið undir leiðsögn Þórs Magnússonar þjóðminjavarðar.
20.55 **Fremstur í flokki.** Níundi þáttur. Breskur framhaldsmyndaflokkur í tíu þáttum. Þýðandi Kristmann Eiðsson.
21.45 **Ísland og umheimurinn.** Þriðji þáttur – Að selja uppskeruna. Hver eru efnahagsleg einkenni smáríkja? Í þessum þætti er sýnt fram á hve Íslendingar eru háðir umheiminum vegna viðskipta. M. a. er fjallað um þátttöku og afstöðu Íslendinga til EFTA. Umsjón Albert Jónsson.
22.30 **Íþróttasyrpa.** Í þættinum verða sýndar svipmyndir frá leik Íslendinga og Dana á Norðurlandamótinu í körfuknattleik. Umsjón Ingólfur Hannesson.
23.00 **Ellefufréttir.**
23.10 **Íþróttasyrpa – framhald.**
23.35 **Dagskrárlok.**

## STÖÐ 2

15.45 **Santa Barbara.**
16.30 **Með Afa.** Endurtekinn þáttur frá síðastliðnum laugardegi.
18.05 **Bylmingur.** Breski listinn.
19.00 **Myndrokk.** Gamalt og nýtt í góðri blöndu.
19.19 **19:19.** Lifandi fréttaflutningur ásamt umfjöllun um málefni líðandi stundar.
20.30 **Morðgáta.** Murder She Wrote. Sakamálaþáttur með hinni vinsælu Angelu Lansbury í aðalhlutverki.
21.25 **Forskot á Pepsí popp.** Kynning á helstu atriðum þáttarins Pepsí popp sem verður á dagskrá á morgun.
21.35 **Þríeykið.** Rude Health. Breskur gamanmyndaflokkur um lækna sem gera hvert axarskaftið á fætur öðru. Aðalhlutverk: John Wells, John Bett og Paul Mari.
22.00 **Dauðagildran.** Deathtrap. Rithöfundur verður fyrir sárum vonbrigðum þegar nýjasta leikrit hans hlýtur enga náð fyrir augum gagnrýnenda og áhorfenda. Eiginkona rithöfundarins reynir að hughreysta hann og telur hann á að hefjast handa að nýju. En skáldagáfan, sem í eina tíð lék við hann, virðist nú á bak og burt. Rithöfundurinn kemst um þessar mundir yfir leikrit sem ungur og óþekktur maður hefur ritað. Hann fyllist öfund vegna þess hversu leikritið er gott og sér í hendi sér að það eigi eftir að slá í gegn. Aðalhlutverk: Michael Caine, Christopher Reeve, Dyan Cannon og Irene Worth. Leikstjóri: Sidney Lumet. Ekki við hæfi barna.
23.55 **Apaplánetan unnin.** Conquest of the Planet of Apes. Munaðarlausi apinn Cesar hyggst bjarga hinum öpunum frá því að verða þrælar mannkynsins. Aðalhlutverk: Roddy McDowall, Don Murray og Ricardo Montalban. Leikstjóri: J. Lee Thompson.
01.25 **Dagskrárlok.**

## Rás I
FM 92,4/93,5

6.45 **Veðurfregnir.** Bæn, sr. Þórhildur Ólafs flytur.
7.00 **Fréttir.**
7.03 **Í morgunsárið með Randver Þorlákssyni.** Fréttayfirlit kl. 7.30 og 8.30, fréttir kl. 8.00 og veðurfregnir kl. 8.15. Lesið út forustugreinum dagblaðanna að loknu fréttayfirliti kl. 8.30. Sigurður G. Tómasson talar um daglegt mál laust fyrir kl. 8.00.
9.00 **Fréttir.**
9.03 **Litli barnatíminn** – Sagan af Hildi góðu stjúpu. Sigurgeir Hilmar Friðþjófsson les úr Þjóðsögum Jóns Árnasonar. Seinni hluti. (Einnig útvarpað um kvöldið kl. 20.00.)
9.20 **Morgunleikfimi.** Umsjón: Halldóra Björnsdóttir.
9.30 **Staldraðu við!.** Jón Gunnar Grjetarsson sér um neytendaþátt. (Einnig útvarpað kl. 18.20.)
9.40 **Landpósturinn** – Frá Norðurlandi. Umsjón: Karl E. Pálsson á Siglufirði.
10.00 **Fréttir.** Tilkynningar.
10.10 **Veðurfregnir.**
10.30 **Ég man þá tíð.** Hermann Ragnar Stefánsson kynnir lög frá liðnum árum.
11.00 **Fréttir.**
11.03 **Samhljómur.** Umsjón: Leifur Þórarinsson. (Einnig útvarpað að loknum fréttum á miðnætti.)
11.53 **Dagskrá.**
12.00 **Fréttayfirlit.** Tilkynningar.
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 **Veðurfregnir.** Tilkynningar.
13.05 **Í dagsins önn** – Alþingi. Umsjón: Bergljót Baldursdóttir.
13.35 **Miðdegissagan:** „Brotið úr töfraspeglinum" eftir Sigrid Undset. Arnfríður Sigurðardóttir þýddi. Þórunn Magnea Magnúsdóttir les (2.)
14.00 **Fréttir.** Tilkynningar.
14.05 **Jarðlög.** - Snorri Guðvarðarson. (Frá Akureyri) (Einnig útvarpað aðfaranótt þriðjudags að loknum fréttum kl. 2.00.)
15.00 **Fréttir.**
15.03 **Leikrit vikunnar:** „Fé og ást" eftir Jón Ólafsson. Leikstjóri: Lárus Pálsson.
15.45 **Þingfréttir.**
16.00 **Fréttir.**
16.03 **Dagbókin. Dagskrá.**
16.15 **Veðurfregnir.**
16.20 **Barnaútvarpið.** Umsjón: Sigurlaug M. Jónasdóttir.
17.00 **Fréttir.**
17.03 **Tónlist á síðdegi** – Debussy, Ravel og Vieuxtemps.
18.00 **Fréttir.**
18.03 **Að utan.** Fréttaþáttur um erlend málefni.
18.20 **Staldraðu við!** Jón Gunnar Grjetarsson sér um neytendaþátt. (Endurtekinn frá morgni.) Tónlist. Tilkynningar.
18.45 **Veðurfregnir.**
19.00 **Kvöldfréttir.**
19.30 **Tilkynningar.**
19.32 **Daglegt mál.** Endurtekinn þáttur frá morgni sem Sigurður G. Tómasson flytur.
19.37 **Kviksjá.** Umsjón: Friðrik Rafnsson og Halldóra Friðjónsdóttir.
20.00 **Litli barnatíminn** – Sagan af Hildi góðu stjúpu. Sigurgeir Hilmar Friðþjófsson les úr Þjóðsögum Jóns Árnasonar. Seinni hluti. (Endurtekinn frá morgni.)
20.15 **Tónlistarkvöld Útvarpsins.** –
21.30 **„Faðmlag dauðans".** Smásagnadagskrá byggð á verkum Halldóru B. Björnsson. Lesari og umsjónarmaður: Gyða Ragnarsdóttir.
22.00 **Fréttir.** Dagskrá morgundagsins. Orð kvöldsins.
22.15 **Veðurfregnir.**
22.30 **Glott framan í gleymskuna.** Friðrik Rafnsson fjallar um mið-evrópskar bókmenntir. Þriðji þáttur. (Einnig útvarpað nk. þriðjudag kl. 15.03.)
23.10 **Fimmtudagsumræðan.** Umsjónarmaður: Gissur Sigurðsson.
24.00 **Fréttir.**
00.10 **Samhljómur.** Umsjón: Leifur Þórarinsson. (Endurtekinn frá morgni.)
01.00 **Veðurfregnir.** Næturútvarp á samtengdum rásum til morguns.

## Rás 2
FM 90,1

01.10 **Vökulögin.**
7.03 **Morgunútvarpið.**
9.03 **Stúlkan sem bræðir íshjörtun,** Eva Ásrún kl. 9. Morgunsyrpa Evu Ásrúnar Albertsdóttur.
11.03 **Stefnumót.** Jóhanna Harðardóttir tekur fyrir það sem neytendur varðar.
12.00 **Fréttayfirlit.** Auglýsingar.
12.15 **Heimsblöðin.**
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 **Umhverfis landið á áttatíu.** Gestur Einar Jónasson leikur þrautreynda gullaldartónlist.
14.05 **Milli mála,** Óskar Páll á útkíkki. – Útkíkkið upp úr kl. 14 og Fimmtudagsgetraunin endurtekin frá morgni. – Hvað er í bíó? – Ólafur H. Torfason.
16.03 **Dagskrá.** Dægurmálaútvarp fyrir þá sem vilja vita og vera með. - Kaffispjall og innlit upp úr kl. 16.00, hlustendaþjónustan kl. 16.45. - Meinhornið kl. 17.30, kvartanir og nöldur. - Stórmál dagsins milli kl. 17 og 18.
18.03 **Þjóðarsálin.** - Daglegt mál. Sigurður G. Tómasson sér um þáttinn sem er endurtekinn frá morgni á Rás 1.
19.00 **Kvöldfréttir.**
19.32 **Áfram Ísland.** Dægurlög með íslenskum flytjendum.
20.00 **Hátt og snjallt.** Enskukennsla á vegum Fjarkennslunefndar og Málaskólans Mímis. Sjöundi þáttur endurtekinn frá þriðjudegi.
20.30 **Útvarp unga fólksins.**
21.30 **Hátt og snjallt.** Enskukennsla á vegum Fjarkennslunefndar og Málaskólans Mímis. Áttundi þáttur. (Einnig útvarpað nk. þriðjudagskvöld kl 20.00.)
22.07 **Sperrið eyrun.** Anna Björk Birgisdóttir leikur þungarokk á ellefta tímanum.
01.10 **Vökulögin.** Tónlist af ýmsu tagi í næturútvarpi til morguns. Sagðar fréttir af veðri, færð og flugsamgöngum kl. 5.00 og 6.00. Veðurfregnir frá Veðurstofu kl. 1.00 og 4.30. Fréttir kl. 2.00, 4.00, 7.00, 7.30, 8.00, 8.30, 9.00, 10.00, 11.00, 12.00, 12.20, 14.00, 15.00, 16.00, 17.00, 18.00, 19.00, 22.00 og 24.00.
8.07 – 8.30 **Svæðisútvarp Norðurlands.**
18.03 – 19.00 **Svæðisútvarp Norðurlands.**
18.03 – 19.00 **Svæðisútvarp Austurlands.**

## Bylgjan
FM 98,9

7.00 **Þorgeir Ástvaldsson og Páll Þorsteinsson** með morgunþátt fullan af fróðleik, fréttum og ýmsum gagnlegum upplýsingum fyrir hlustendur, í bland við góða morguntónlist.
10.00 **Valdís Gunnarsdóttir.** Valdís er með hlutina á hreinu og leikur góða blöndu af þægilegri og skemmtilegri tónlist eins og henni einni er lagið.
14.00 **Bjarni Ólafur Guðmundsson.** Óskalögin, kveðjurnar, nýjustu lögin, gömlu góðu lögin, allt á sínum stað. Bjarni Ólafur stendur alltaf fyrir sínu.
18.10 **Reykjavík síðdegis. Hvað finnst þér?** Hvað er efst á baugi? Þú getur tekið þátt í umræðunni og lagt þitt til málanna í síma 61 11 11. Þáttur sem dregur ekkert undan og menn koma til dyranna eins og þeir eru klæddir þá stundina. **Ómar Valdimarsson** stýrir umræðunum.
19.00 **Freymóður T. Sigurðsson.** Meiri tónlist – minna mas.
20.00 **Sigurður Helgi Hlöðversson.** Ný og góð tónlist, kveðjur og óskalög.
24.00 **Næturdagskrá.** Fréttir á Stjörnunni kl. 8.00, 10.00, 12.00, 14.00, 16.00 og 18.00. Fréttayfirlit kl. 9.00, 11.00, 13.00, 15.00 og 17.00.

## Stjarnan
FM 102,2 & 104

7.00 **Þorgeir Ástvaldsson og Páll Þorsteinsson** með morgunþátt fullan af fróðleik, fréttum og ýmsum gagnlegum upplýsingum fyrir hlustendur, í bland við góða morguntónlist.
10.00 **Jón Axel Ólafsson.** Leikir, tónlist og ýmislegt létt sprell með hlustendum. Jón Axel leikur nýjustu lögin og kemur kveðjum og óskalögum hlustenda til skila.
14.00 **Gunnlaugur Helgason.** Leikur hressa og skemmtilega tónlist við vinnuna. Gunnlaugur tekur hress viðtöl við hlustendur, leikur kveðjur og óskalög í bland við ýmsan fróðleik.
18.10 **Íslenskir tónar.** Þessi geysivinsæli dagskrárliður hefur verið endurvakinn vegna fjölda áskorana. Gömul og góð íslensk lög leikin ókynnt í eina klukkustund.
19.00 **Freymóður T. Sigurðsson.** Meiri tónlist – minna mas.
20.00 **Sigurður Helgi Hlöðversson.** Ný og góð tónlist, kveðjur og óskalög.
24.00 **Næturstjörnur.** Fréttir á Stjörnunni kl. 8.00, 10.00, 12.00, 14.00, 16.00 og 18.00. Fréttayfirlit kl. 9.00, 11.00, 13.00, 15.00 og 17.00.

## Rót Útvarp
FM 106,8

9.00 **Rótartónar.** Leikin fjölbreytt tónlist fram til hádegis og tekið við óskalögum og kveðjum í síma 623666.
13.30 **Mormónar.** Kirkja Jesú Krists hinna síðari daga heilögu.
14.00 **Hanagal.** Félag áhugafólks um franska tungu. E.
15.00 **Alþýðubandalagið. E.**
15.30 **Við og umhverfið.** Dagskrárhópur um umhverfismál. E.
16.00 **Fréttir frá Sovétríkjunum.** María Þorsteinsdóttir.
16.30 **Frá verkfallsvakt BHMR.** Þessi þáttur verður meðan verkfallið stendur.
17.00 **Laust.**
18.00 **Kvennaútvarpið.** Ýmis kvennasamtök.
19.00 **Opið.** Þáttur laus til umsóknar fyrir þig.
20.00 **FÉS.** Unglingaþáttur. Umsjón: Íris.
21.00 **Barnatími.**
21.30 **Hljómplötuþáttur** í umsjá Alexanders & Sylvíans.
23.30 **Rótardraugar.** Lesnar draugasögur fyrir háttinn.
24.00 **Næturvakt. Meðal efnis. Kl. 2.00 Við við viðtækið. E.**

## ÚTRÁS
FM 104,8

12.00 **MR.**
14.00 **MR.**
16.00 **FÁ.**
18.00 **MH.**
20.00 **FB.**
22.00 **FG.**
24.00 **MH.**
02.00 **Dagskrárlok.**

## ALFA
FM·102,9

14.00 **Orð Guðs til þín.** Þáttur frá Orði lífsins. Umsjónarmaður er Jódís Konráðsdóttir.
15.00 **Blessandi boðskapur í margvíslegum tónum.**
21.00 **Biblíulestur.** Leiðbeinandi: Gunnar Þorsteinsson.
21.45 **Miracle.**
22.00 **Blessandi boðskapur í margvíslegum tónum.**
24.00 **Dagskrárlok.**

## Útvarp Hafnarfjörður
FM 91.7

18.00–19.00 **Fimmtudagsumræðan.** Umræðuþáttur um þau mál sem efst eru á baugi í Firðinum hverju sinni.

## SKY CHANNEL

6.30 **Viðskiptaþáttur**
7.05 **Denni dæmalausi.**
9.30 **The Lucy Show.**
10.00 **Poppþáttur.**
11.00 **The Sullivans.** Framhaldsþáttur.
11.30 **Sky by Day.** Fréttaþáttur.
12.30 **A Proplem Shared.** Fræðsluþáttur.
13.00 **Another World.** Sápuópera.
14.00 **General Hospital.** Sápuópera.
15.00 **As the Worlds Turns.** Sápuópera.
16.00 **Loving.**
16.30 **Family Affair.** Gamanþáttur.
17.00 **Poppþáttur.**
18.00 **The Young Doctors.**
18.30 **Three's Is a Company.** Gamanþáttur.
19.00 **Sky Star Search.** Skemmtiþáttur.
20.00 **Sale Of The Century.**
20.30 **Beyond 2000.** Vísindaþáttur.
21.30 **The Streets Of San Francisco.** Sakamálaþáttur.
23.30 **The Paper Chase.**
00.30 **Police Story.**

## SKY CHANNEL Kvikmyndir

17.00 **Little Nore Prince Valiant.**
19.00 **Tora, Tora, Tora.**
21.00 **Life of Brian.**
23.00 **Rolling Thunder.**
0.45 **On the Line.**

## EUROSPORT

11.30 **Mazda's Eye On Sport.** Fréttir og fleira.
12.30 **Tennis.** Monte Carlo Open.
14.30 **Knattspyrna.** World Cup.
16.30 **Íshokkí.** Heimsmeistarakeppnin í Stokkhólmi.
17.30 **Íþróttakynning Eurosport.**
19.00 **Mobil Motor Sport News.** Fréttir og fleira úr kappaksturkeppnum.
19.30 **Surfer magazine.** Frá Hawaii.
20.00 **Ástralskur fótbolti.**
22.00 **Tennis.** Monte Carlo Open.
24.00 **Íshokkí.** Heimsmeistarakeppnin í Stokkhólmi.



**Froskurinn Toad á í stöðugum erjum við hreysikettina.**

### Sjónvarp kl. 18.15:

# Þytur í laufi

Saga Kenneths Graham um dýrin fjögur, sem hafa öll einkenni breskra aðalsmanna frá Edwardstímanum, hefur heillað milljónir manna um gervallan heim allt frá því að bókin var fyrst gefin út árið 1908.

Það var BBC sem réðst í það erfiða verkefni að gæða félagana fjóra lífi og gera sjónvarpmyndir um líf þeirra og þeir birtast nú á dagskrá Ríkissjónvarpsins eftir nokkurt hlé.

Þættir þessir eru afar vel gerðir og leikararnir sem ljá dýrunum rödd sína eru í hæsta gæðaflokki. Það er ósvikin skemmtun fyrir alla fjölskylduna að fylgjast með uppátækjum Toad, Ratty, Mole og Badger og stöðugum útistöðum þeirra við hreysikettina. -Pá

### Rás 1 kl. 22.30:

# Glott framan í gleymskuna

Rithöfundarnir og jafnaldrarnir Jaroslav Hasek og Frans Kafka, eru Íslendingum að góðu kunnir. Þeir voru báðir sprottnir úr því andrúmslofti sem ríkti í Prag um og eftir fyrri heimsstyrjöldina. Hasek gerði endalaust grín að öllu stríðsbrölti þegar hann skóp góða dátann Sveijk sem síðan hefur rölt um leiksvið heimsins. Frans Kafka hafði skriffinnskubáknið að háði og spotti í frægri skáldsögu sinni Réttarhöldin. Þar er hæðst eftirminnilega að grimmd og ósveigjanleika kerfisins sem engu eirir og aldrei hefur rangt fyrir sér.

Í þessum þætti um miðevrópskar bókmenntir verður leitast við að sýna fram á að þessir ólíku höfundar voru þrátt fyrir allt að lýsa og gera grín að sama fáránleikanum. Umsjónarmaður þáttarins er Friðrik Rafnsson. -Pá



**Michael Caine og Dyan Cannon brugga launráð í myndinni Dauðagildran.**

### Stöð 2 kl 22.00:

# Dauðagildran

Michael Caine leikur aðalhlutverkið í þessum reyfarakennda farsa undir leikstjórn Sidney Lumet. Hann leikur rithöfund sem má muna fífil sinn mun fegri. Nýjasta leikriti hans er tekið fálega og hlýtur litla sem enga náð fyrir augum áhorfenda. Ekki bætir það úr skák að hann hefur nýlega komið höndum yfir óþekkt verk, Dauðagildruna, eftir ungan og óþekktan höfund.

Í örvæntingu afræður rithöfundurinn að ráða þennan unga starfsbróður sinn af dögum og gefa leikritið út í eigin nafni. Hann fær eiginkonu sína í lið með sér og saman ætla þau að ganga milli bols og höfuðs á listamanninum efnilega.

Myndin byggir á samnefndu leikriti Ira Levin. Christopher Reeve og Dyan Cannon leika unga höfundinn og eiginkonuna. Kvikmyndahandbók Halliwells er tæplega nógu ánægð með það hvernig tekist hefur að koma leikritinu á tjaldið en gefur þó myndinni eina stjörnu.

-Pá